



Morgunblaðið/Emilía

Guðbjörg Lind Jónsdóttir við eitt verka sinna.

Guðbjörg Lind sýnir málverk í Slunkaríki

GUÐBJÖRG Lind Jónsdóttir opnar málverkasýningu laugardaginn 8. desember kl. 16.00 í Slunkaríki á Ísafirði. Á sýningunni eru verk unnin á síðastliðnu ári.

Guðbjörg Lind er fædd á Ísafirði árið 1961. Hún stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málunardeild vorið 1985.

Þetta er fimmta einkasýning

Guðbjargar en hún hefur einnig tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis.

Slunkaríki er opið frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 16-18. Sýningin stendur til 30. desember.